

Langanesbyggð
Langanesvegur 2
680 Þórshöfn

Reykjavík, 26. júlí 2022
UST202207-022/B.S.
10.04.02

**Efni: Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007 - 2027 - um veglínu
Brekkaheiðarvegar. Umsögn**

Vísað er til erindis Langanesbyggðar dags. 4. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um nýja veglínu yfir Brekkaheiði alls 7,9 km. Ný veglína fylgir þó að mestu núverandi veglínu um Brekkaheiði.

Umhverfisstofnun telur að sjálfur vegurinn á Brekkaheiði muni ekki hafa mikil neikvæð áhrif í för með sér þar sem hann fylgir að mestu núverandi vegi en verður þó talsvert meira mannvirki. Að líkindum verða helstu umhverfisáhrif vegna efnistöku. Gert er ráð fyrir að flest efnistökusvæði verði ekki nýtt frekar að framkvæmdinni lokinni og er því jákvætt að leggja mikla áherslu á frágang þessara svæða.

Varðandi afdrif aflagðra vega telur Umhverfisstofnun að þegar standa eftir einungis stuttir kaflar vega án sýnilegs notagildis eigi að afmá vegina.

Umhverfisstofnun telur að Langanesbyggð ætti að gera grein fyrir hver verði afdrif eldri vegar við frekari vinnslu tillögunnar.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur